

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð um fjárhagslegar viðmiðanir, nr. 162/2021.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „og nr. 324/2023 frá 8. desember 2023“ í inngangsmálslið greinarinnar kemur: nr. 324/2023 frá 8. desember 2023 og nr. 96/2026 frá 20. mars 2026.
- b. Á eftir dagsetningunni „22. september 2022“ í 10. tölul. kemur: og þeim breytingum sem leiðir af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1775 frá 28. ágúst 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/1818 að því er varðar skilgreininguna á bönnuðum vopnum, sem er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt fylgiskjal, sem er birt með reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í e-lið 1. mgr. 13. laga um fjárhagslegar viðmiðanir, nr. 7/2021, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. ágúst 2026.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

---

*Steinar Örn Steinarsson.*

**Fylgiskjal.****Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1775****frá 28. ágúst 2025****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/1818 að því er varðar skilgreininguna á bönnuðum vopnum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem eru notaðar sem viðmiðanir í fjármálagæmingum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 19. gr. a,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Brýnt er að auka opinberar fjárfestingar í varnarmálum eins og kemur fram í sameiginlegri hvítbók um evrópskar varnir – viðbragðsgeta 2030 (*e. Joint White Paper European Defence – Readiness 2030*) <sup>(2)</sup> en það væri þó ekki nóg. Fyrirtæki sem er komið á fót í Sambandinu, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki og meðalverðmæt fyrirtæki, ættu að hafa betri aðgang að fjármagni, þ.m.t. ábyrgðargæmingum sem minnka áhættu við fjárfestingar, til að færa upp umfang sitt á iðnaðarmælikvarða og knýja áfram þá auknu iðnaðaruppbyggingu sem Sambandið þarfnast. Þrátt fyrir að fjármála-geirinn sýni orðið vaxandi áhuga á vörnum er varnarmálageirinn enn markaður sem ekki nýtur nægrar þjónustu vegna takmarkana í fjárfestingarstefnu opinberra og einkarekinna fjármálastofnana. Í sameiginlegu hvítbókinni er settur fram varnarpakki sem veitir aðildarríkjunum fjárhagsleg úrræði til að knýja áfram fjárfestingar í aukinni varnargetu. Á meðal lykilmarkmiða þessa pakka er að auðvelda viðskipti og dýpka innri markaðinn. Hinn 6. mars 2025 hvatti Evrópuráðið framkvæmdastjórnina til að hrinda tafarlaust af stað vinnu við að einfalda laga- og stjórnsýsluramma fyrir opinber innkaup, samstarf innan iðnaðarins, leyfisveitingar- og skýrslugerðarkröfur, til að takast á við allar hindranir og flöskuhálsa sem standa í vegi fyrir hraðari uppgangi varnarmálaíðnaðarins, þ.m.t. fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og meðalverðmæt fyrirtæki.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1818 <sup>(3)</sup> er komið á fót loftslagstengdum merkingum fyrir viðmiðanir sem krefjast þess að öll fyrirtæki, sem taka þátt í starfsemi er tengist umdeildum vopnum, séu undanskilin frá viðmiðunum ESB sem eru lagaðar að Parísarsamkomulaginu og viðmiðunum vegna loftslagstengdra umbreytinga. Hins vegar veldur skilgreiningin á umdeildum vopnum í þeirri framseldu reglugerð of mikilli óvissu og ringulreið hjá stjórnendum sem vísað er til í reglugerð (ESB) 2016/1011 og leiðir til glundroða og ætti að skýra og einfalda hana, einkum vegna þess að í viðeigandi þjóðréttarsáttmálum og -samningum, sem aðildarríkin eru aðilar að, er ekki vísað til umdeilda vopna heldur bannaðra vopna.
- 3) Því er nauðsynlegt að breyta skilgreiningunni á umdeildum vopnum í framseldri reglugerð (ESB) 2020/1818 og setja þess í stað skilgreiningu á „bönnuðum vopnum“ til að tryggja réttaröryggi og samræmi í regluverkinu um sjálfbæra fjármögnun og samræmda starfshætti stjórnenda viðmiðana. Þetta má gera en á sama tíma viðhalda viðeigandi útlökunarstigi í samræmi við markmið reglugerðar (ESB) 2016/1011.
- 4) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/1818 til samræmis við það.
- 5) Framkvæmd þessarar reglugerðar gæti leitt til réttmætra áhrifa á viðskipti sjóða sem reiða sig á þessar vísitölur sem byggjast á viðmiðunum ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum og viðmiðunum vegna loftslagstengdra umbreytinga. Í því skyni að forðast markaðsraskanir er viðeigandi að gefa fyrirbyggjandi viðmiðunum nægan tíma til að aðlagast þessum breytingum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/1011/oj>.

<sup>(2)</sup> JOIN/2025/120 lokaútgáfa frá 19. mars 2025.

<sup>(3)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1818 frá 17. júlí 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 að því er varðar lágmarksstaðla fyrir viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga og viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 17, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_del/2020/1818/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/1818/oj)).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/1818 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„a) fyrirtæki sem taka þátt í starfsemi sem tengist bönnuðum vopnum,“.

b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar a-lið teljast bönnuð vopn vera jarðsprengjur gegn liðsafla, klasasprengjur, lífefnavopn og efnavopn en notkun, varsla, þróun, flutningur, framleiðsla og birgðasöfnun á þeim er afdráttarlaust bönnuð samkvæmt alþjóðasamningum um vopnamál sem meirihluti aðildarríkja er aðili að, svo sem talið er upp í viðaukanum.“

2) Viðauka er bætt við í samræmi við textann sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjórnartíðindum Evrópusambandsins*. .

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. júní 2026 að því er varðar fyrirbyggjandi viðmiðanir sem voru heimilaðar fyrir gildistökudag hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula von der Leyen

*forseti.*

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

| Heiti sáttmála eða samnings sem bannar ákveðna tegund vopna | Bönnuð tegund vopna                                                       |
|-------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|
| Lífefnavopnasamningurinn (1972)                             | Sýklavopn eins og þau eru skilgreind í fyrstu grein samningsins.          |
| Efnavopnasamningurinn (1993)                                | Efnavopn eins og þau eru skilgreind í annarri grein samningsins.          |
| Jarðsprengjusamningurinn (Ottawa-samningurinn) (1997)       | Jarðsprengjur eins og þær eru skilgreindar í annarri grein samningsins.   |
| Klasasprengjusamningurinn (2008)                            | Klasasprengjur eins og þær eru skilgreindar í annarri grein samningsins.“ |

---

B-deild – Útgáfudagur: 26. ágúst 2026